

Ártúnsskóli - sjálfsmatsskýrsla

Grunnskólalög kveða á um að grunnskólar landsins meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Markmið innra og ytra mats er að fylgjast með og bæta árangur og gæði skólastarfsins. Matsáætlun Ártúnsskóla er sett niður á mánuði skólaársins. Sjálfsmatsskýrslan er unnin jafnt og þétt yfir skólaárið og endapunkturinn lagður í lok skólaárs þar sem rýnt er í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar. Sjálfsmatsskýrslan er gefin út á heimasíðu skólans og kynnt skólaráði og starfsfólki.

Matsþættir, skólaárið 2024 - 2025

Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Ágúst	1. Símenntunaráætlun kynnt	1. Skólastjórnendur
Mat:	Símenntunaráætlun var kynnt á starfsmannafundi í upphafi skólaárs. Símenntunaráætlun er unnin eftir starfsþróunarsamtöl að vori og leitast er við að koma til móts við alla starfshópa skólans.	
September	1. Lesfimi lögð fyrir 1. - 7. bekk 2. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. 3. Námsvísar - útgáfa. 4. Starfsáætlun, kynnt á kennarafundi og í skólaráði. 5. Snerpu samtöl skólastjórnaenda við kennara	1. Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu. 2. Umsjónarkennarar 3. Kennarar og skólastjórnendur 4. Skólastjórnendur 5. Skólastjórnendur
Mat:	1. Lesfimi var lagður fyrir í september af umsjónarkennurum og sérkennurum. Niðurstöður má sjá í október. 2. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.	

	3. Námsvísar voru gefnir út í lok september, þó með þeim fyrirvara að námsvísar eru lifandi skjöl og geta tekið breytingum yfir veturinn. Námsvísana má sjá hér: https://sites.google.com/gskolar.is/kennsluatlanir23-24/heim 4. Starfsáætlun var unnin í september og hún kynnt á kennarafundi og í skólaráði og birt á heimasíðu skólans https://artunsskoli.reykjavik.is/sites/default/files/2024-10/artunsskoli-starfsaaetlun-2024-25_0.pdf 5. Snerpusamtölum sem áætluð voru í september var frestað og fóru fram í október. Umræðuefnið að þessu sinni var skólabyrjun og hvernig koma á til móts við þarfir ólíkra nemenda. Kennarar voru ánægðir með skólabyrjunina og töldu skólaárið fara vel af stað. Kennarar voru sammála um að það felast áskoranir í því að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda. Samsetning nemendahóps Ártúnsskóla með tilliti til fjölmenningar og tungumála bakgrunns er fjölbreyttari en áður og í því felast nýjar áskoranir.	
Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Október	- Niðurstöður lesfimi rýndar og kynntar á kennarafundi og fundi skólaráðs. - Starfsáætlun grunnskóladeildar skilað inn - Sjálfsmat nemenda í tengslum við foreldraviðtöl - haustsamtöl. - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. - Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk	- Deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóri - Skólastjórnendur - Umsjónarkennarar - Umsjónarkennarar - Skólastjórnendur
Mat:	Niðurstöður lesfimi voru áþekkar niðurstöðum frá fyrirlögn í maí. Sömu árgangar eru rétt undir meðaltali landsins. Þegar skoðaðar eru skráningar á prófunum þá taka allir nemendur Ártúnsskóla prófið en svo er ekki á landinu öllu.	




	- Starfsáætlun er skilaði inn í byrjun október eftir samþykki frá skólaráði. Hér má sjá starfsáætlun skólaársins. - Niðurstöður viðtala á samskiptadegi voru jákvæðar. Hjá eldri nemendum eru samskipti nemenda betri og minna um árekstra í samskiptum. Foreldrar á yngri stigi eru jákvæðir og börnunum líður vel í skólanum en nokkrir nefndu áhyggjur af samskiptum barna í dag. - Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. - Skólapúlsinn var lagður fyrir. Niðurstöður koma í nóvember.	
Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Nóvember	- Niðurstöður skólapúlsins rýndar á kennarafundi og í skólaráði - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. - Lestraráætlanir haustsins kynntar og rýndar - Viðhorfskönnun í 6. og 7.b í framhaldi af niðurstöðum í Skólapúlsins.	- Skólastjórnendur og námsráðgjafi - Umsjónarkennarar - Umsjónarkennarar, deildarstjóri stoðþjónustu og stjórnendur - Skólastjórnendur
Mat:	- Niðurstöður skólapúlsins liggja fyrir í nóvember. Niðurstöðurnar voru rýndar af stjórnendum, námsráðgjafa, umsjónarkennurum og á kennarafundi. Tíðni eineltis kom ekki vel út og námsráðgjafi setti upp viðbragðsáætlun vegna þess og tók viðtöl við alla nemendur í 6. og 7. bekk til að kortleggja betur í stöðuna. Í framhaldi af því var ákveðið að leggja fyrir rafræna könnun í desember í 6. og 7. bekk þar sem spurt var m.a. um líðan og félagstengsl. Nánari samantekt um niðurstöður fyrirlagna skólapúlsins í október og apríl má sjá í júní umfjöllun þessarar skýrslu og niðurstöður í heild má sjá á heimasíðu skólans sjá hér. - Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. - Lestraráætlanir voru gerðar í 1. - 4. bekk í byrjendalæsi jafnt og þétt yfir veturinn. Framkvæmd byrjendalæsis var metin á vordögum, sjá í júní og skýrslu má sjá hér.	

4. Viðhorfskönnun í 6. og 7. bekk var lögð fyrir í framhaldi af niðurstöðum skólapúlsins.

Spurt var um hvort börnin ættu vini í skólanum og samkvæmt svörum nemenda þá eiga allir vini.

Ég á vin / vini í skólanum?

40 svör




● Já
 ● Nei




Einnig var spurt um einelti og 2 nemendur segjast hafa orðið fyrir einelti síðustu 30 daga.

Á síðustu 30 dögum - hefur þú verið lagður/lögð/lagt í einelti
40 svör



Hvar átti eineltið sér stað:
37 svör




Þegar spurt er út í hvar einelti á sér stað þá kemur fram að það hafi átt sér stað í frímínútum og á netinu.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum vann námsráðgjafinn eftir viðbragðsáætlun vegna eineltis og tók m.a. einstaklingsviðtöl í árgöngum.




Spurt var um; ég fylgi fyrirmælum kennara/starfsfólks skólans. 45% nemenda skólans kannast við það að fylgja ekki alltaf fyrirmælum starfsfólks.
Einnig var spurt út í líðan á matsal og í frímínútum og spurt hvort nemendur hafi einhvern til að leika við í frímínútum, sjá skífurit.


Á matsal líður mér:
40 svör




Ég fylgi fyrirmælum kennara/starfsfólks í skólanum?
40 svör



Í frímínútum - virkni
40 svör




Í frímínútum, líður mér?
40 svör




Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Janúar	1. Lesfimi kannanir lagðar fyrir 2. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. 3. Gæði kennslu: Innlit í kennslustundir og snerpu samtöl stjórnenda og kennara	1. Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu. 2. Umsjónarkennarar 3. Skólastjórnendur
Mat:	1.Fyrirlögn lesfimi gekk vel. Niðurstöður birtar í febrúar. 2. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. 3. Starfshópur í innra mati vann að gæðaviðmiðum um gæði kennslustunda í janúar. Þar var lagt mat á gögn sem söfnuðust við innlit í kennslustundir í nóvember sem og niðurstöður úr rafrænni sjálfsmataskönnun sem lögð var fyrir kennara þar sem þeir lögðu mat á eigin kennslu. Af skífuritunum hér fyrir neðan má sjá að kennarar meta kennslu sína vel skipulagða og fjölbreytta. Markmið eru sýnileg nemendum og leiðsagnarnámi er gert hátt undir höfði. 1. Skipulag kennslustunda byggir á viðmiðum um gæðastarf (sjá hér að ofan) 13 svör 61,5% 38,5% Alltaf Oftast Stundum Aldrei Viðmið um gæðastarf: Störf kennara endurspeгла stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmensku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda.	



3. Ég nota fjölbreytta kennsluhætti
13 svör





5. Markmið eru sýnileg og nemendur þekkja þau
13 svör






10. Ég styðst við leiðsagnarnám þar sem nemendur fá endurgjöf sem þeir geta nýtt til vaxtar
13 svör



Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Febrúar	- Niðurstöður lesfimi rýndar og kynntar á kennarafundi og á fundi skólaráðs. - Starfsþróunarsamtöl - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. - Viðhorfskönnun starfsmanna SFS - Samantekt umsjónarkennara frá samskiptadegi	- Deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjórnendur - Skólastjórnendur grunnskóla, leikskóla og frístundar - Umsjónarkennarar - Skólastjórnendur og SFS - Umsjónarkennarar og skólastjórnendur
Mat	1. Niðurstöður í lesfimi voru rýndar á kennarafundi og kynntar í skólaráði. Allir árgangar að 4. bekk undanskildum eru yfir landsviðmiði. Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum Ártúnsskóli, jan. 2025  2. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars á öllum deildum skólans. Í samtölunum var farið yfir líðan starfsfólks, hvernig hæfileikar þeirra nýtast og hvernig samstarf og samvinna hefur gengið á árinu. Eins var rætt um endurmenntun og óskað eftir tillögum fyrir símenntunaráætlun næsta skólaárs.	

	3. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. 4. Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mánuðinum af Skóla- og frístundasviði. Starfsmenn fengu tengil á könnunina í tölvupósti. Skólastjórnendur þurftu að minna starfsfólk á þátttöku í nokkur skipti. 5. Samskiptadagurinn í febrúar gekk vel og helstu niðurstöður úr foreldraviðtölunum eru að almenn ánægja ríkir á meðal nemenda og foreldra í öllum bekkjardeildum skólans.	
Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Mars	- Niðurstöður fjárhagsárs 2023 - 2024 - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. - Niðurstöður úr starfsmannakönnun SFS rýndar og kynntar starfsmönnum	- Skólastjóri og fjármálastjóri Skóla- og frístundasviðs. - Umsjónarkennarar - Skólastjórnendur
Mat	1. Niðurstöður fjárhagsársins voru rýndar fyrir árið 2023 - 2024 eftir áramót. Grunnskólaeildin var 1,8% yfir fjárhagsheimild, leikskóladeildin var 20,1% yfir og frístund var 22,2% yfir fjárhagsheimild um áramót. Fjármálaráðgjafi rýnir og skoðar óhagstæð skilyrði í rekstri. 2. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. 3. Niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna Skóla- og frístundasviðs voru kynntar á starfsmannafundi og Ártúnsskóli kom mjög vel út úr könnuninni og er með heildareinkunn 4,27 og er þar hærri en allir viðmiðunarahópar. Starfsmenn eru ánægðir í starfi, eru ánægðir með starfsandann í skólanum, bera traust til stjórnenda, telja ímynd skólans góða og eru stoltir af vinnustaðnum sínum. Þeir þætti sem skora lágt eru m.a. launakjör og hljóðvist. Niðurstöður má sjá á eftirfylgjandi súluritum.	

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði




Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Ártúnsskóli

Hæstu 5



Lægstu 5




Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærri eða lægri einkunnir.

Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Apríl	- Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk - Rafræn spurningakönnun lögð fyrir nemendur í 5. - 7. bekkur með áherslum á lýðræði og þátttöku nemenda í námi sínu. - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.	- Skólastjórnendur og umsjónarkennarar - Skólastjórnendur - Umsjónarkennarar
Mat:	- Fyrirlögn skólapúlsins gekk vel og umsjónarkennarar lögðu könnunina fyrir. Niðurstöður má sjá í maí mánuði. - Rafræna spurningakönnunin var ekki lögð fyrir en niðurstöður úr fyrirlögn Skólapúlsins sýna að nemendur telja sig hafa meira að segja um nám sitt og meiri trú en áður á eigin námsgetu. - Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.	
Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Maí	- Niðurstöður skólapúlsins rýndar, niðurstöður kynntar á kennarafundi og í skólaráði. - Lesfimi lögð fyrir nemendur í 1. - 7.b - SELFIE, mat á UT málum. Elstu nemendur, kennarar og stjórnendur taka þátt. - Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. - Mat á hjólaferni verkefni, nemendur og kennarar - Viðhorfskannanir lagðar fyrir nemendur á yngri stigi og eldra stigi.	- Námsráðgjafi og skólastjórnendur - Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu. - Skólastjórnendur - Umsjónarkennarar - Skólastjórnendur - Skólastjórnendur og kennarar
Mat:	1. Margir matsþættir í skólapúlsinum hækkuðu milli október fyrirlagnar og apríl - sjá nánar hér í skýrslu ársins. Ánægja af lestri er marktækt hærri og sama má segja um áhuga á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu hækkar. Símanotkun	



nemenda skólans er mun minni en jafnaldra á landinu. Í þættinum líðan og heilsa eru þættir á uppleið eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan. Einelti innan skólaársins lækkar mikið og er komið undir landsmeðaltal frá fyrirlögn í október. Nemendur eru skráðir í mat og ánægja með matinn hefur aukist. Spurningar um skóla- og bekkjaranda eru marktækt hærri fyrir utan aga í tímum sem lækkar um 0,1.

2.5. Einelti – Innan skólaárs*



2. Lesfimi var lögð fyrir í maí af umsjónarkennurum og sérkennurum. Umfjöllun um niðurstöður má sjá í júnímánuði.

3. SELFIE, mat á UT málum var ákveðið að færa frekar til haustsins og verður lagt fyrir í október 2025.


4. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.

5. Nýsköpunar- og þróunarverkefni Barna og menntamálaráðuneytis í samstarfið við Gufunesbæ, [Hjólað á skólatíma](#). Ártúnsskóli gerðist aðili að verkefninu haustið 2024. Ánægja var innan skólans með þátttöku í verkefninu og framhald verður á því 2025 - 2026. Verkefnið verður metið eftir næsta skólaár.

	6. Nemendafélag skólans FUÁ og skólastjórnendur stóðu fyrir viðhorfskönnun nemenda, tvær stjórnur og ósk þar sem spurt var um stjórnur og ósk í skólastarfinu. Helstu niðurstöður eru: • Nemendur 1.bekk eru ánægðir með kennarana og matinn í skólanum en væru til í lengri útiveru. • Nemendur 2.bekk eru ánægðir með textílmennt, samverur og íþróttir en óska eftir trampólíni á skólalóðina. • Í 3.bekk er algengasta svarið að Ártúnsskóli sé góður skóli, það sé skemmtilegt í skólanum, skólalóðin góð og samverur skemmtilegar. Þau væru til í danskennslu og nýtt gervigras á battavöllinn. • Í 4.bekk lýsa nemendur yfir ánægju með kennara skólans og skólalóðina, matinn og íþróttir. Þau væru aftur á móti til í lengri íþróttatíma og frímínútur. • Nemendur í 5.bekk eru ánægðastir með frímínútur og umsjónarkennarann sinn en myndu vilja betri mat í hádeginu. • Í 6.bekk eru nemendur ánægðir með matinn, kennarana og skólalóðina en myndu vilja leyfa tyggjó og síma á skólatíma. • Flest stig nemenda 7.bekk fá starfsmenn skólans og skólalóðin en þau óska eftir betri mat.	
Tímarammi	Viðfangsefni	Ábyrgð
Júní	1. Niðurstöður lesfimi rýndar og kynntar á kennarafundi og fundi skólaráðs. 2. Símenntunaráæltun, metin og drög að næstu kynnt. 3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun endurmetið eftir breytingar þessa árs. 4. Yfirferð lögbundinna áætlana 5. Heilsueflandi skóli og grænfáni, mat og starf vetrarins metið og skýrslum skilað 6. Mat á kennslu í byrjendalæsi	1. Deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjórnendur 2. Skólastjórnendur 3. Umsjónarkennarar 4. Skólastjórnendur og kennarar 5. Verkefnastjórar í heilsueflingu og umhverfismennt og grænfána 6. Skólastjórnendur og verkefnastjóri byrjendalæsis
	1. Niðurstöður lesfimi voru ánægjulegar, prófið var lagt fyrir alla nemendur skólans, allir árgangar eru yfir fyrsta viðmiði en tveir	

Mat:

árgangar aðeins undir landsmeðaltali.



2. Símenntunaráætlun skólaársins var metin á fundi með kennurum og ný símenntunaráætlun kynnt. Hún var svo í framhaldinu send á alla starfsmenn í tölvupósti.
3. Umsagnabækur, þar sem nemendur og kennarar meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.
4. Yfirferð lögbundinna áætlana var færð til starfsdaga í ágúst 2025.
5. Starfshópar í umhverfismennt/grænfána og heilsuefandi skóla skiluðu árlegum skýrslum og kynntu á síðasta fundi starfshópa í byrjun júní. [Skýrslu frá grænfána starfsins má nálgast hér.](#) [Skýrslu frá heilsuefandi grunnskóla má sjá hér.](#)
6. Verkefnastjóri skólans í byrjendalæsi skilaði skýrslu og mati um vinnu og verkefni vetrarins. Í skýrslunni kemur fram að skipulag og umgjörð Byrjendalæsis er í góðum farvegi og sama má segja um grunnstoðirnar. Sóknarfæri er að fastsetja ákveðnar kennsluáætlanir á árgangana, útbúa fyrirmyndar kennsluáætlun á hverri önn og leggja áherslu á lifandi námsveggi. [Skýrslu skólaársins má sjá hér.](#)

Samhliða sjálfsmatinu hér að ofan er unnið að matspáttum í Bravolesson þar sem gæðaviðmið frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu eru metin. Áherslan í ár var á **gæði kennslu** og **umbætur og innleiðingar breytinga** þar sem þessir þættir voru metnir út frá gæðaviðmiðum MMS. Þeir þættir sem krefjast umbóta má sjá á myndinni hér fyrir neðan.

10 2025

Staða	Hefst	Deild	Tækifæri til umbóta	Lokið	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Umbótaskref	Vísbendingar	Niðurstöður
Í vinnslu	31/07/2024	Allur skólinn	Að skrá verklag um það hvernig gögn út frá vísbendingu um árangur og líðan eru	31/07/2026	Setja inn í starfsáætlun	EG, GBG	Setja inn í starfsáætlun - Ólokið	Metið með því að skoða hvort skráningarferlið sé komið í starfsáætlun	Lokið / ólokið
Í vinnslu	31/07/2024	Allur skólinn	Skráning þróunarverkefna	31/07/2026	Að bæta úr skráningu	EG, GBG	Upplýsingar á heimasíðu - Ólokið	Lokið / ólokið.	Uppfærð heimasíða með upplýsingum
Í vinnslu	31/07/2025	Allur skólinn	Þróunarverkefni	31/07/2026	Að birta yfirlit yfir þróunarverkefni	EG, GBG,		Með því að skoða heimasíðuna	Yfirlit yfir þróunarverkefni

Innramats áætlun fyrir grunnskóla í Austur - Gæðaviðmið Menntamálastofnunar

Verið er að innleiða sjálfsmat með grunnskólum í Austur hverfi Reykjavíkurborgar (Árbær, Grafarvogur, Grafarholt og Kjalarnes) og þar tekur Ártúnsskóli þátt. Notast er við [gæðaviðmið MMS](#) og rýnt í tvo þætti á ári.

Hér má sjá hverjir áherslupættir hvers skólaárs eru frá 2022 - 2028.

Ártal	Matsþættir
2022 - 2023	2.2 Árangur náms 2.6 Ábyrgð og þátttaka
2023 - 2024	2.1 Inntak og námskrár 1.2 Faglegt samstarf og samræða
2024 - 2025	2.3 Gæði kennslu 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga
2025 - 2026	2.4 skipulag náms 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
2026 - 2027	2.5 Námsvitund 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
2027 - 2028	1.1 Samvirkni í stefnumótun 1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks